

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2015

2016/EES/42/50

frá 30. apríl 2015

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 frá 18. desember 2014 um að skipta út III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 32ff (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 1357**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 frá 18. desember 2014 (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 89).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1357/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 89.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.